



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík
postur@uar.is

Reykjavík, 5. apríl 2018

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um losun frá atvinnurekstri og umhverfiseftirlit.

Samtök iðnaðarins þakka fyrir tækifæri til að skila inn umsögn um ofangreind reglugerðardrög. Reglugerðin er umfangsmikil og mun hafa áhrif á starfsemi fjölda fyrirtækja í ólíkri starfsemi, opinberra stofnana, þjónustufyrirtækja og framleiðslufyrirtækja. Helsta athugasemd samtakanna snýr að því að gengið sé allt of langt gangvart smærri atvinnurekstri með því að setja öll þessi fyrirtæki undir sama hatt. Samtökin telja því rétt að gefnar verði út tvær reglugerðir en ekki ein líkt og rakið er hér að neðan. Auk þess eru gerðar athugasemdir við einstakar greinar draganna.

Gildissvið reglugerðarinnar of viðtækt

Með fyrirliggjandi reglugerðardrögum er lögð til innleiðing á tilskipun nr. 2010/75/EU um losun frá iðnaði, sem fjallar um stærri iðnfyrirtæki, nánar tiltekið þau sem eru listuð í viðaukum I og V-VII í reglugerðinni. eru það fyrirtæki á borð við álver, sorpbrennslur og önnur stór iðnfyrirtæki. Ákvæði tilskipunarinnar sem eiga við um þessi stærri iðnfyrirtæki eru lykilákvæði reglugerðardraganna, t.d. ákvæði um starfsleyfi. Þau ákvæði eru líka látin ganga yfir starfsleyfisgerð minni fyrirtækja, þ.e. atvinnurekstur í viðaukum X og XI. eru það til að mynda hársnyrtistofur, leikskólar og verslunarmiðstöðvar. Það liggur í augum uppi að langt er á milli þeirra krafna sem gera á til leikskóla og álvera varðandi umhverfismál. Því ganga reglugerðardrögin mun lengra en ætlunin er með setningu tilskipunarinnar.

Samtökin benda á að samkvæmt skýrslu ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur gekk Alþingi á árunum 2013 til 2016 í þriðjungji tilvika lengra við innleiðingu EES gerða en þörf var á. Hér er að mati samtakanna enn og aftur verið að innleiða íþyngjandi reglur umfram kröfur EES og þannig lagðar auknar byrgðar á íslenskt samfélag. Kalla samtökin eftir því að ekki sé gengið lengra en þörf er á samkvæmt reglum EES og að samræmi sé á innri markaði sem íslensk fyrirtæki starfa á.

Í 6. gr. reglugerðardraganna eru tilteknaðar þær upplýsingar sem fylgja þurfa starfsleyfisumsókn og er erfitt að sjá hvers vegna hársnyrtistofa eða leikskóli þarf að gera grein fyrir öllum þeim atriðum sem talin eru upp í ákvæðinu, svo sem hráefnum og hjálparefnum sem notuð eru, upptökum losunar við stöðina eða ráðstafanir til að vakta losun út í umhverfið. Þetta eru gríðarlega íþyngjandi kröfur á bæði einkafyrirtæki og opinberar þjónustustofnanir. Því telja samtökin heppilegra að fjalla um svo ólíka starfsemi í aðskildum reglugerðum og miða kröfur við umfang og eðli starfseminnar.

Heimilt er að setja reglugerð um að atvinnurekstur í viðaukum IX, X og XI verði háður skráningarskyldu í stað starfsleyfis skyldu, skv. 8. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Samtökin telja brýnt að ráðherra nýti þá heimild og einfaldi þannig eftirlit með smærri fyrirtækjum. Mikilvægt er að slaka ekki á umhverfiskröfum til atvinnustarfsemi en með því að einfalda leyfisveitingar og skráningar gefst færi á að efla aðra þætti sem Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit sinna svo sem eftirlit, fræðslu og eftirfylgni með úrbótum.

Reglugerðin er sett fram þannig að erfitt er að átta sig á hvaða kröfur gilda um stærri iðnfyrirtæki og hvaða kröfur um minni framleiðslufyrirtæki og þjónustu ýmiskonar. Samtökin leggja til að í stað þess að hafa umgjörð fyrir öll starfsleyfis skyld fyrirtæki í sömu reglugerð væri skýrara að setja tvær reglugerðir. Þannig væri fjallað um kröfur til stærri iðnfyrirtækja sem falla undir tilskipun 2010/75/EU í sérstakri reglugerð sem tæki mið af kröfum tilskipunar. Umgjörð um kröfur til smærri atvinnufyrirtækja væru í sérstakri reglugerð sem yrði mun einfaldari og skýrari.

Beiting BAT-niðurstæðna

Í greinum 8. og 9. er fjallað um hvernig skilyrði úr BAT-niðurstæðum eru tekin inn í starfsleyfi. Við framkvæmd og túlkun á ákvæðum reglugerðarinnar þarf að gæta meðalhófs og jafnræðis. Hafa þarf í huga að BAT-niðurstæður eiga við um „venjuleg rekstrarskilyrði“ og við starfsleyfisútgáfu þarf að fara yfir nánari útfærslu á kröfum til rekstraraðila. Alltaf þarf að fara fram mat á aðstæðum og túlka kröfur með hliðsjón af þeim. Hér er rétt að hafa hliðsjón af framkvæmd í nágrannaríkjum. Atvinnurekstur sem fellur undir þessi ákvæði er í alþjóðlegri samkeppni og því hagsmunamál að útfærsla starfsleyfiskrafna sé í samræmi við það sem gerist erlendis hjá samkeppnisaðilum. Strangari beiting reglnanna hérlendis dregur úr samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja auk þess sem óhóflega stífar kröfur skapa óþarfa kostnað og óhagræði hjá fyrirtækjum sem og eftirlitsaðilum.

Þess ber að geta að í 3. mgr. 8. gr. er Umhverfisstofnun veitt heimild til að setja strangari starfsleyfisskilyrði en BAT-niðurstæður. Skilyrðin fyrir því eru mjög opin og almenn. Þarf stofnunin að telja það nauðsynlegt vegna sérstakra aðstæðna og þarf ákvörðunin að vera rökstudd sérstaklega. Samtökin telja að hér eigi að líta til ákvæða tilskipunarinnar þar sem aðildarríkjum er heimilt að setja sérstakar reglur um beitingu þessarar heimildar. Í ljósi þess að hér er Umhverfisstofnun veitt heimild til að setja strangari kröfur á fyrirtæki en BAT gerir ráð fyrir, sem í grunninn eru nokkuð strangar kröfur, þá sé eðlilegt að skilyrði fyrir beitingu ákvæðisins séu skýrari og afmarkaðri. Leggja samtökin til að settar séu ítarlegri reglur um beitingu þessa ákvæðis.

Tenging við lög um mat á umhverfisáhrifum

Samtökin telja að ekki sé til staðar lagastoð fyrir 5. mgr. 6. gr. en þar er starfsleyfisútgáfa skilyrt við að matsferli skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum sé lokið áður en starfsleyfi sé gefið út. Bent er á að heimilt er að vinna matsskýrslu og starfsleyfi samhliða, skv. 17. gr. laga nr. 106/2000 auk þess sem nú liggur fyrir Alþingi frumvarp um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum, 467. mál, með ákvæðum um að aðlaga matsferlið öðrum leyfisveitingaferlum og skipulagsáætlunum sem fjalla um sömu framkvæmd. Það að binda starfsleyfisveitingu eins og hér er lagt til getur unnið á móti þeirri vinnu. Því er lagt til að greinin falli á brott úr reglugerðinni.


Aðlögunarfrestur

Gert er ráð fyrir að reglugerðin taki gildi 1. júní nk. Í ljósi þess að reglugerðin er óljós og óskýr og gerir ríkari kröfur en viðbúið var miðað við tilskipunina, telja samtökin að gefa eigi aðlögunarfrest vegna gildistöku. Fyrirtækjum væri þannig veittur aðlögunarfrestur til að mæta kröfunum sem fram koma. Í sumum tilfellum kallar reglugerðin á fjárfestingar sem þarf að skipuleggja fram í tímann og jafnvel æskilegt að dreifa framkvæmdum yfir tiltekið tímabil. Einkum á þetta við um eldri starfandi fyrirtæki sem byggja á eldri tækni sem ætlunin er að uppfæra.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins



Bryndís Skúladóttir,
sviðsstjóri framleiðslusviðs



Björg Ásta Þórðardóttir,
lögfræðingur